

**Ed.** **20. Frumvarp til laga** [20. mál]  
um breyting á lögum nr. 18 22. marz 1949, um kyrrsetningu og lögbann.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

18. gr. 2. másl. laganna orðist svo:

Þó vinnur grandlaus þriðji maður rétt yfir fasteign, skrásettu skáningar-  
skyldu skipi, skrásettu loftfari og bifreið, nema kyrrsetningin hafi verið þinglýst,  
og yfir viðskiptabréfum, nema athugasemd um kyrrsetninguna hafi verið á þau  
skráð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingar. Hér er lagt til,  
að lögum um kyrrsetningu og lögbann verði breytt til samræmis við reglur þær,  
sem felast í þinglýsingarfrumvarpinu.